

SIÐAREGLUR

Forvitni, skilningur og áræði eru grunngildi í allri starfsemi Listaháskóla Íslands.

Siðareglur þessar eru ætlaðar nemendum, kennurum og starfsfólki skólans. Þær eru ekki tæmandi lýsing á góðum starfsháttum en lýsa andanum sem fylgt er.

Siðareglurnar eru viðmið og leiðarljós í allri starfssemi skólans.

ALMENN SAMSKIPTI INNAN SKÓLANS

1.1

Í Listaháskóla Íslands ríkirjafnræði og virðing í öllum samskiptum.

1.2

Mannréttindi eru í hávegum höfð og fólki er ekki mismunað vegna þátta sem greina það að.

1.3

Tjáningarfrelsi er virt í samfélagi Listaháskóla Íslands og skoðanaskiptum hagað á málefnalegan og ábyrgan hátt.

1.4

Ekki er veitt fyrirgreiðsla vegna persónulegra tengsla, upplýsa skal um hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á ákvarðanatöku á vettvangi skólans.

1.5

Trúnaður er haldinn um málefni og persónuleg gögn nemenda.

1.6

Huglæg og hlutlæg verðmæti skólans skal umgangast af ábyrgð og virðingu.

1.7

Starfsfólk og nemendur leggja metnað sinn í áreiðanleg vinnubrögð og bera umhyggju og virðingu fyrir vinnu og tíma hvers annars.

SAMFÉLAG OG UMHVERFI

2.1

Starfsfólk og nemendur Listaháskóla Íslands eru meðvitaðir um stöðu og hlutverk skólans í samfélaginu.

2.2

Starfsfólk og nemendur vinna að eflingu skólans og miðla út í samfélagið þeirri þekkingu og sköpun sem þar verður til.

2.3

Kennarar og nemendur huga á ábyrgan hátt að birtingarmynd kennslu, rannsókna og sköpunar fyrir samfélag, umhverfi og náttúru.

2.4.

Samfélagi, umhverfi og náttúru er sýnd virðing með umhverfissvænum starfsháttum og sjálfbærni að leiðarljósi.

2.5

Framkoma og skoðanaskipti starfsfólks og nemenda skólans út á við eru málefnaleg og ábyrg.

SKÖPUN, KENNSLA OG RANNSÓKNIR

3.1

Í Listaháskóla Íslands ríkir akademískt frelsi. Virðing er borin fyrir breidd í listsköpun, fræðistörfum, rannsóknum og kennslu.

3.2

Leitast er við að varðveita og efla þekkingu og faglega hæfni á hverju sviði með góða starfshætti og samfélagslegan hag að leiðarljósi.

3.3

Kennarar skólans skapa nemendum sínum frjótt og hvetjandi starfsumhverfi sem byggir á trausti, tillitssemi og heiðarleika.

3.4

Kennarar skólans stuðla að þroska nemenda sinna með heiðarlegri, sanngjarnri og viðeigandi endurgjöf.

3.5

Nemendur skólans bera ábyrgð á námi sínu og eru heiðarlegir og tillitssamir í samskiptum við kennara sína.

3.6

Starfsfólk og nemendur virða rétt þeirra sem taka þátt í rannsóknum og verkefnum á vegum skólans.

3.7

Í öllu starfi Listaháskóla Íslands er höfundaréttur virtur og vísað er í heimildir og til samstarfs af samvisskusemi og heiðarleika.